

Tandur hf.
Hestháls 12
110 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2022
UST202005-192/H.I.I.
07.06.02

Efnagreiningar á handsóttthreinsum – CASP CORONA - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 20.5.2021 þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum vörunnar **HANDEX 85 handgerileyðir**. Óskað var eftir afriti af uppfærðum merkimiða í samræmi við skilyrði 17. 18. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) ásamt staðfestingu á að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar á umbúðum, sbr. lið 3.2 II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP). Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 27. janúar 2021 lokið.

Vakin er athygli á því að Umhverfisstofnun hafði eingöngu eftirlit með handsóttthreinsinum sem tilgreindur er hér að ofan. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Tandur hf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 13.200,-.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur